

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

TILVÍSUN

Reykjavík, 1. nóvember 2007 02-2007100283

T-ums 13/07

Alþingi
Erindi nr. P 135/48
komudagur 1.11.2007

Umsögn um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda - 67. mál.


Ríkisskattstjóri hefur þann 19. október 2007 mótttekið bréf yðar dagsett 18. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda.

Í almennum athugasemdum með framangreindu frumvarpi kemur fram að helstu nýmæli séu þau að lagt sé til að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda verði 4 ár í stað 10 ára. Þá kemur fram að lagt sé til að ábyrgðarskuldbindingar fymnist eftir sömu reglum og krafa á hendur aðalskuldara. Jafnframt er lagt til að settar verði almennar reglur um upphaf fyrningarfrests og afnumdar sérreglur um það efni. Ennfremur gerir frumvarpið ráð fyrir fleiri úrræðum til að slíta fyrningu.

Það er mat ríkisskattstjóra að lögfesting frumvarpsins myndi ekki hafa í för með sér breytingar á fyrningu skattkrafna. Samkvæmt núgildandi lögum fymnast skattkröfur á fjórum árum og yrði svo áfram sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá hefur sami fyrningarfrestur gilt fyrir þá sem bera ábyrgð á skattkröfum sbr. t.d. 116. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og ljóst að ekki stendur til að breyta því með nú framkomnu frumvarpi. Fyrningarfrestur mun áfram miðast við gjalddaga skattkröfunnar og eru úrræði til slíta fyrningar í meginatriðum þau sömu og áður og með sömu réttaráhrifum.

Ríkisskattstjóri telur því ekki tilefni til að gera athugasemdir við framkomnið frumvarp að svo komnu máli, en mun að sjálfsögðu veita frekari umsögn á síðari stigum verði þess óskað.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir